

**40. fundur (aukafundur) haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar
miðvikudaginn 14 des. 2011 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Ævar Marinósson, Steinun Leosdóttir, Reimar Sigurjónsson (í síma), Ólöf K. Arnmundsdóttir og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð. Oddviti bauð fundamenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2012 seinni umræða

Helstu forsendur og rekstraniðurstöður :

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2012 eru útsvar, skatttekjur og fasteignaskattar sveitarfélagsins áætlaðar 192,3 milljónir kr., framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga 109,7 millj. kr. og aðrar tekjur 219,3 millj. kr. Samtals eru tekjur áætlaðar 521,3 millj.kr. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins og stofnana þess verði 296,8 millj. kr. eða sem svarar 57% af heildartekjum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 134,2 millj. kr. afskriftir 39,0 millj. kr. fjármagnsgjöld 42,2 millj.kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta verður fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld jákvæð um 90,4 millj. kr. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð að upphæð 9,1 millj. kr. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 66,2 millj. kr. sem er 12,7% af heildartekjum. Handbært fé í árslok er áætlað 26,2 millj.kr. Samkvæmt spá er gert ráð fyrir 4,2% verðbólgu á árinu.

Í áætlunin er gert ráð fyrir 6.6 millj. í viðhaldskostnað.

Gert er ráð fyrir því að staðin verði vörður um velferðakerfið og leitað verði allra leiða til að hagræða í rekstri.

Mikill umræða fór um áætlunina og er hún samþykkt samhljóða, en til að uppfylla tímamörk á milli umræðna verður hún samþykkt formlega á síma fundi á morgun 15. des. 2011

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða, fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00